

Fundur skólaráðs Hofstaðaskóla miðvikudaginn 28. mars 2012 kl. 14.50

Fundinn sátu: Guðrún Lóa Sverrisdóttir og Jón Gunnar Hannesson fulltrúar nemenda, Margrét Harðardóttir skólastjóri, Ásta Kristjánsdóttir og Ölrún Marðardóttir, fulltrúar kennara, Rósa Lára Guðlaugsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna. Anna Linda Bjarnadóttir og Guðrún Birna Finnsdóttir fulltrúar foreldra. Hafdís Bára Kristmundsdóttir aðstoðarskólastjóri.

1. **Jafnréttisáætlun Hofstaðaskóla.** Skólastjóri kynnti drög að áætlun sem byggð er á jafnréttisáætlun Garðabæjar hvað varðar starfsmenn en nemendakaflinn er unninn hér í skólanum. Næst á dagskrá er að stofna aðgerðarhóp um jafnréttismál sem gengur endanlega frá áætluninni og gerir skýrslu um stöðu mála. Fulltrúi foreldra benti á að það þurfi að gera framkvæmdaáætlun og skoða möguleika á að nemendum standi til boða val um námsefni t.d. í list- og verkgreinum.
2. **Ytra mat á vegum MRRN og Samband ísl. Sveitarfélaga.** Matið hefur farið fram og nú er unnið að skýrslugerð. Um 65% kennara voru heimsóttir í kennslustundir og síðan rætt við rýnihópa starfsmanna, nemenda og foreldra. Nám og kennsla voru til skoðunar auk sérfræðipjónustu skólans. Matið gekk mjög vel og er almenn ánægja með framkvæmdina.
3. **Endurmenntun kennara.** Skólastjóri gerði grein fyrir þeim umsóknum sem hafa verið sendar í endurmenntunarsjóði vegna næsta skólaárs. Sótt var um vegna framhaldsnámskeiðs Orð af orði, heimnám og stefnumótun um heimanám, góðan skólabrag, fræðslu um einelti á vinnustað og námsmat í anda aðalnámskrár. Foreldrar spurðu hvernig Orð af orði gengi og urðu fulltrúar nemenda fyrir svörum og báru þau verkefninu vel söguna. Almenn ánægja er meðal kennara með verkefnið.
4. **Skýrsla um stöðu nemenda í Garðabæ.** Skólastjóri sagði lauslega frá nýrri skýrslu sem Garðabær lét gera um stöðu nemenda í PISA könnun, samræmdum prófum og Skólapúlsinum. Könnunin tekur m.a. til lesskilnings, námsframvindu og námstækni. Nemendur í Garðabæ koma mjög vel út í öllum þáttum. Kynjamunur er lítil og drengir koma ekki lakar út en stúlkur og námstækni er góð. Niðurstöðurnar bera skólastarfi í Garðabæ gott vitni.
5. **Niðurstöður starfsmannakönnunar.** Skólastjóri fór yfir helstu niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir í byrjun árs. Niðurstöður eru mjög jákvæðar og einungis örfáir þættir sem ekki fá toppeinkunn.
6. **Önnur mál.**
 - a. Nemendur og Facebook. Fulltrúi kennara sagði foreldra í sínum umsjónarbekk, sem er 6. bekkur, velta vöngum yfir því að börn yngri en 13 ára skrá sig á Facebook. Hafa foreldrarnir áhyggjur af því að þeir sem fara eftir reglunum og skrá sig ekki verði útundan í ýmsu félagslegu sem boðað er til á samskiptavefnum. Fulltrúi foreldra svaraði því að þetta væri eitt af því sem væri rætt á fundum um tölvuöryggi og tölvunotkun nemenda (SAFT) og þyrfti að koma til almenn ályktun um málið og ítrekun á reglunum.
 - b. UST hópur. Rætt var um skipun hóps sem skoða á spjaldtölvur, smarttöflur o.fl. tækninýjungar í skólastarfi. Fulltrúi foreldra er í starfshópi Garðabæjar um stefnumótun. Hún segir að þeir 3-5 foreldrar sem hún leitaði til varðandi vinnu við stefnumótun hafi flestir viljað nokkra íhaldssemi varðandi fulla innleiðingu, rannsóknir og tilraunaverkefni þurfi að koma fyrst.

Nýir fulltrúar nemenda í skólaráði munu mæta á næsta fund ráðsins.

Fundi slitið kl. 15.50

Hafdís Bára Kristmundsdóttir